

Samkomulag milli Eflingar – stéttarfélags

og

aðildarfyrirtækja Samtaka sjálfstæðra skóla, sem aðild eiga að samkomulagi þessu

1. gr.

Undirrituð aðildarfyrirtæki Samtaka sjálfstæðra skóla, sbr. fylgiskjal, munu frá og með 1. nóvember 2008 hækka alla launataxta skv. gildandi launatöflum um kr. 20.300.

Desemberuppbót vegna ársins 2008 er kr. 50.000.

2. gr.

Frá 1. nóvember 2008 greiða fyrirtækin 0,13% gjald af heildarlaunum starfsmanna í endurhæfingarsjóð sem starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

3. gr.

Veikindi barna:

Fyrstu sex mánuði í starfi hjá sama vinnuveitanda er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

4. gr.

Framlag í sjúkrasjóð hækkar frá 1. janúar 2009 úr 0,55% í 0,75%.



5. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að hefja í janúar 2009 vinnu að gerð heildarkjarasamnings vegna félagsmanna Eflingar – stéttarfélags sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SSSK.

Reykjavík, 15. janúar 2009

F.h. aðildarfyrirtækja SSSK skv.
fyrirliggjandi umboðum, með fyrirvara
um samþykki stjórnna:

Ulaug-El.
Regnar P. P. P.
str. um boðum h/ st

F.h. Eflingar - stéttarfélags
með fyrirvara um samþykki
hlutaðeigandi félagsmanna

Ágústur P. P. P.
Hanna P. P. P.
Sigrún P. P. P.

**Eftirtaldir rekstraraðilar skóla eru aðilar að samningi við Eflingu dags.
15. janúar 2009, sbr. framlögð umboð**

Leikskólinn Undraland ehf.
Undraland

Dignitas ehf.
Regnboginn

Skerjagarður ehf.
Skerjagarður

Leikskólinn Vinaminni ehf.
Vinaminni

Félagsstofnun stúdentanna
Mánagarður
Sólgarður
Leikgarður

Sjálfseignarstofnunin Ásmegin
Waldorfleikskólinn Ylur

Leikskólinn 101
Leikskólinn 101

Waldorfskólinn Lækjarbotnum
Waldorfskólinn Lækjarbotnum

Landakotsskóli ses
Landakotsskóli

Waldorfleikskólinn Sólstafir
Waldorfleikskólinn Sólstafir
Waldorfleikskólinn Sólstafir / Höfn
Waldorfgrunnskólinn Sólstafir

LFA ehf.
Fossakot
Korpukot

Jóhanna Thorsteinson
Leikskólinn Kjarrið

KFUM og K á Íslandi
Vinagarður

Sæluatröð / Ananda Marga
Leikskólinn Sælukot

Foreldrafélag Barnaheimilisins Óss
Barnaheimilið Óss

Sjælland ehf.
Leikskólinn Sjælland

Skóli Ísaks Jónssonar
Skóli Ísaks Jónssonar

Hjallastefnan ehf.
Leikskólinn Laufásborg
Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík

Tjarnarskóli ehf.
Tjarnarskóli

Suðurhlíðarskóli
Suðurhlíðarskóli

Valgerður F. Valgeirsdóttir
Lundur